

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-68/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. október 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímann gallaðan og krefst þess að fá afhentan nýjan farsíma.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi segir að hann hafi keypt farsíma hjá seljanda af gerðinni LG G6 fyrir 69.900 krónur. Að sögn álitsbeiðanda var hann „alveg að sofna við kaupin“ eftir næturvakt en þegar heim var komið kveðst álitsbeiðandi hafa tekið eftir að innsiglið á farsímanum var rofið, fingraför sjáist og ryk sé á farsímanum. Álitsbeiðandi segist ekki hafa viljað gera mál úr þeirri uppgötvun sinni fyrr en nú þegar hann segir galla hafa komið upp í skjá farsímans. Í kjölfarið krafðist álitsbeiðandi endurgreiðslu fyrir farsímann frá seljanda sem seljandi neitaði en bauðst þess í stað til að gera við farsímann.

Hinn 3. október 2017 var álitsbeiðanda sent bréf og hann beiðinn um að færa gögn til stuðnings kröfu hans inn á mál sitt hjá kæruneftndinni, þar á meðal greiðslukvittun fyrir kaupum á farsímanum.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson